



Lúxemborg, 17. janúar 2006

## Fréttatilkynning 4/2006

### **Dómur í máli E-4/05 HOB-vín gegn íslenska ríkinu og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins**

Krafa um afhendingu vöru á EUR-vörubrettum í ljósi ákvæða EES-samningsins

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm í máli þar sem meðal annars er fjallað um tiltekin ákvæði íslenskra laga sem veita Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einkarétt til smásölu áfengis. Í reglum fyrirtækisins segir að þeir aðilar sem það kaupi áfengi af skuli afhenda vöru sína á svo kölluðum EUR-vörubrettum og að verð brettanna skuli innifalið í vöruverðinu. Þessar kröfur skylda í raun birgja til að selja áfengisversluninni vörubrettin á því verði sem þau voru upphaflega keypt. HOB-vín sem flytur inn áfengi til Íslands hefur vefengt þessar kröfur fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Héraðsdómur sendi beiðni um ráðgefandi álit til EFTA-dómstólsins varðandi það hvort reglur ÁTVR samræmdust ákvæðum EES-samningsins um frjálsa vöruflutninga og samkeppni.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að í máli þessu gildi einungis 16. gr. EES um ríkiseinkasölur í viðskiptum en ekki 11. gr. EES um almennar reglur um frjálsa vöruflutninga. Þær lögbundnu kröfur að vörur skuli afhentar á EUR-vörubrettum og að verð bretta sé innifalið í vöruverði tengist rekstri ríkiseinkasölnnar með beinum hætti þar sem þær gilda einungis um einkasöluna en ekki önnur fyrirtæki sem reka vöruhús. Hvað varðar hugsanlegt brot á 16. gr. EES kemur fram í dómi EFTA-dómstólsins að „krafan um afhendingu vara á EUR-vörubrettum miði að því að auka hagkvæmni í rekstri vörugeymslu. Sú krafa að verð brettanna skuli innifalið í vöruverði virðist fela í sér að kostnaður við kaup á brettum leggist alfarið á ÁTVR.” Auk þess geri innlend lög engan greinarmun á innlendum og erlendum viðskiptaaðilum eða vörum. Varðandi það hvort um er að ræða mismunun í raun „nægir eitt minni háttar atvik, jafnvel þótt það feli í sér mismunun, ekki til þess að um sé að ræða brot ríkiseinkasölnnar á 16. gr. EES. Slík atvik hafa þá einungis þýðingu fyrir málið að slík mismunun eigi rætur sínar að rekja til stefnu ríkiseinkasölnnar eða útsölustaða hennar, eða sé afleiðing vanrækslu á því að reglum ríkiseinkasölnnar sé framfylgt”.

Varðandi hugsanlegt brot á samkeppnisreglum EES er það álit EFTA-dómstólsins að einkaréttur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til smásölu áfengis feli í sér yfirburðastöðu samkvæmt 54. gr. EES bæði á mörkuðum fyrir kaup og sölu áfengis á Íslandi. Þá ber að meta hvort um misnotkun á yfirburðastöðu sé að ræða samkvæmt 54. gr. EES í ljósi efnahagslegra þátta. Varðandi þá fullyrðingu að krafa ÁTVR um að birgjar afhendi vörur sínar á EUR-vörubrettum jafngildi viðbótarskuldbindingum sem eru bannaðar samkvæmt 54. gr. EES, telur EFTA-dómstóllinn að krafan um stöðluð vörubretti „stuðli að öllu jöfnu að hagræðingu við geymslu og meðhöndlun vöru, sem kemur neytendum einnig til góða og eykur þar með skilvirkni, sem getur vegið þyngra en takmörkun á samkeppni á aðliggjandi markaði.”

Hvað varðar þá kröfu ÁTVR að verð vörubrettis sé innifalið í vöruverði, kemur fram í dómi dómstólsins að með ósanngjörnu vöruverði í skilningi a-liðar 54. gr. EES sé átt við „verð sem tengist ekki með rökrænum hætti efnahagslegu verðmæti þeirrar vöru eða þjónustu sem um er að ræða og hefur á endanum í för með sér misnotkun gagnvart birgjum eða neytendum”. Þar sem viðbótargjald í máli þessu felur einungis í sér endurgreiðslu á áföllnum kostnaði getur það að öllu jöfnu ekki talist ósanngjarnt vöruverð í skilningi a-liðar 54. gr. EES. Það er hins vegar niðurstaða EFTA-dómstólsins að hinum innlenda dómstól beri að leggja endanlegt mat á raunverulegar aðstæður í máli þessu.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA dómstólsins: [www.eftacourt.lu](http://www.eftacourt.lu)

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.